

Hvammstanga 6. mars 2019

Atvinnuveganefnd Alþingis.
Austurstræti 8-10,
Reykjavík.


Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Umsögn; frumvarp til laga um búvörulög (afurðastöðvar í kjötiðnaði), 295. mál.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fagna framkomnu frumvarpi um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 varðandi auknar heimildir afurðastöðva til samstarfs og samvinnu. Ljóst er að rekstrarumhverfi íslenskra afurðastöðva hefur gerbreyst á undanförunum árum með tilkomu aukins innflutnings kjötvara, og með framkomnu frumvarpi um afléttingu 30 daga frystiskyldu innfluttra kjötvara mun samkeppni íslenskra afurðastöðva við erlend stórfyrirtæki einungis aukast.

Því hlýtur það að teljast jákvætt fyrir svæði eins og Norðurland vestra, þar sem landbúnaður er stór hluti atvinnustarfsemi, að íslensk stjórnvöld geri afurðastöðvum kleift að bregðast við aukinni samkeppni með öllum tiltækum ráðum, atvinnustarfsemi landshlutans til heilla.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri